



Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum

Fundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og
Umhverfisstofnunar 17. nóv. 2005

Sigríður Auður Arnardóttir



Gildistaka og markmið

- Lög nr. 74/2005 tóku gildi 1. október sl.
- Matsskýrsla sem borist hefur Skipulagsstofnun fyrir 1. október sl. - Eldri lög mega gilda
- Matsferli hefur verið lokið samkvæmt eldri lögum en ekki hafa öll leyfi vegna framkvæmdar verið gefin út í tíð eldri laga - Eldri lög skulu gilda
- Markmið laganna er m.a. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar



Sjónarmið að baki lagabreytingum

- Breytingar gerðar til samræmis við tilskipanir ESB um mat á umhverfisáhrifum
- Við veitingu leyfis til framkvæmda liggi fyrir helstu upplýsingar um þau umhverfisáhrif sem máli skipta
- Upplýsingar um umhverfisáhrif framkvæmdar og samráðsferli við stofnanir og almenning sé undanfari leyfisveitingar og tekin til umfjöllunar við ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmda
- Markmið er að leyfisveitandi sé upplýstur um helstu umhverfisáhrif áður en hann tekur ákvörðun um útgáfu leyfis



Helstu breytingar

- Í matsferlinu er ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á eða leggjast gegn matsskyldri framkvæmd
- Matsskýrsla dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila
- Auka gæði og samræmingu matsskýrslna



Helstu breytingar

- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum er umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu
- Allir leyfisveitendur kynna sér matsskýrslu og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar
- Framkvæmda- og byggingarleyfi sveitarfélaga eru kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála
- Heimild til að kæra leyfisveitingar vegna matsskyldra framkvæmda er bundinn við þá sem eiga lögvarða hagsmuna að gæta, umhverfisverndar- og hagsmunasamtök



Hlutverk Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra

- Hlutverk Skipulagsstofnunar:
 - Gefur álit í stað þess að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar
 - Í álitinu verður ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á eða leggjast gegn framkvæmd
- Hlutverk umhverfisráðherra:
 - Álit Skipulagsstofnunar er ekki kæranlegt til umhverfisráðherra
 - Allar ákvarðanir Skipulagsstofnunar er heimilt að kæra til ráðherra svo sem um matsskyldu framkvæmdar og um endurskoðun matsskýrslu



Hlutverk leyfisveitenda

- Leyfisveitendur eru m.a. sveitarstjórnir, Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir, iðnaðarráðherra, veiðimálastjóri
- Leyfisveitendur ber við útgáfu leyfis að:
 - kynna sér matsskýrslu um framkvæmdina
 - taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar
- Leyfisveitendur eru ekki bundir af áliti Skipulagsstofnunar
- Leyfisveitendur skulu birta ákvörðun sína um útgáfu leyfis opinberlega



Mat og tilkynningaskyldar framkvæmdir

- Matsskyldum framkvæmdum bætt við 1. viðauka:
 - iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha.
 - Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 ferm. og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði
- Tilkynningarskyldri framkvæmd bætt við 2. viðauka:
 - Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva
- Skipulagsstofnun getur ákveðið að umhverfisáhrif séu metin sameiginlega þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru háðar hvor annari



Matsáætlun

- Málsmeðferð vegna ákvarðana um tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun breytist ekki
- Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda og geri stofnunin slíkar athugasemdir þá skulu þær sérstaklega tilgreindar í ákvörðun hennar og verða þar með hluti af matsáætlun



Frummatsskýrsla

- Frummatsskýrsla skal vera í samræmi við matsáætlun:
 - upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir
 - upplýsingar um framkvæmdasvæði
 - mat á umhverfisáhrifum
 - umhverfisáhrif,
 - mótvægisaðgerðir
 - vöktunaráætlun
 - samanburður kosta
 - niðurstaða mats
 - geta um flokkun umhverfispáttá viðmið og vægi umhverfisáhrifa



Athugun Skipulagsstofnunar

- Athugun Skipulagsstofnunar hefst þegar framkvæmdaraðili hefur lagt fram frummatsskýrslu sína til stofnunarinnar
- Athugun Skipulagsstofnunar er tvíþætt:
 - athugun á frummatsskýrslu
 - athugun á matsskýrslu
- Athugun Skipulagsstofnunar á matsskýrslu lýkur með áliti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum



Athugun og kynning á frummatsskýrslu

- Frummatsskýrsla þarf að uppfylla kröfur laganna og vera í samræmi við matsáætlun
- Skipulagsstofnun er heimilt að hafna því að taka skýrslu til athugunar ef henni er ábótavant
- Kynning á frummatsskýrslu og réttur til athugasemda fer fram með sama hætti og verið hefur
- Framkvæmdaraðili vinnur úr og tekur afstöðu til umsagna og athugasemda við gerð matsskýrslu



Athugun Skipulagsstofnunar á matsskýrslu

- Þegar framkvæmdarðaili hefur lagt fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar hefst athugun stofnunarinnar á matsskýrslu
- Matsskýrsla er auglýst á ný ef hún vísar frá frummatsskýrslu varðandi mikilvæga þætti málsins dæmi:
 - Breytt staðsetning vegar eða virkjunar
 - Framleiðsluaukning í verksmiðju



Álit Skipulagsstofnunar

- Skipulagsstofnun skal gefa álit um mat á umhverfisáhrifum innan 4 vikna frá því stofnunin tekur á móti matsskýrslu
- Í álitinu kemur m.a. fram:
 - Hvort matsskýrsla uppfylli kröfur laganna
 - Hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt
 - Hverjar séu helstur forsendur matsins
 - Umfjöllun um afgreiðslu framkvæmdaraðila á athugasemdum og umsögnum
 - Hvort setja þurfi frekari skilyrði eða mótvægisaðgerðir fyrir framkvæmd



Leyfi

- Óheimilt að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld liggur fyrir
- Allir leyfisveitendur þurfa við útgáfu leyfis að:
 - Taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir
 - Kynna sér matsskýrslu um framkvæmdina
 - Taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar
- Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmdaleyfi tilteknum skilyrðum í samræmi við álit Skipulagsstofnunar og skipulagsáætlanir sveitarfélagsins



Leyfi –Auglýsing

- Leyfisveitendur svo sem Umhverfisstofnun og sveitarstjórnir þurfa að birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis innan 2 vikna frá útgáfu þess
- Í auglýsingu þurfa eftirtalin atriði að koma fram:
 - Ákvörðun um leyfisveitingu og afstaða til álits Skipulagsstofnunar
 - Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar
 - Hvar unnt sé að nálgast leyfið og álitid
 - Hvort unnt sé að kæra leyfisveitinguna og þá hvert og hverjir séu þá kærufrestir



Eftirlit með framkvæmdum

- Leyfisveitendur, svo sem sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, hafa eftirlit með því að:
 - Ekki sé framkvæmt án leyfa
 - Ekki séu veitt leyfi fyrir framkvæmdum sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum fyrir en að fenginni niðurstöðu Skipulagsstofnunar
 - Framkvæmt sé í samræmi við útgefin leyfi
- Sveitarstjórn er heimilt við umfangsmiklar matsskyldar framkvæmdir að skipa sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sé framfylgt



Málskot til úrskurðarnefndar og ráðherra

- Framkvæmda- og byggingarleyfi sveitarstjórna vegna matsskyldra framkvæmda eru kæranleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála
- Eftirfarandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar er heimilt að kæra til umhverfisráðherra:
 - um matsskyldu framkvæmdar
 - um endurskoðun matsskýrslu
 - að umhverfisáhrif framkvæmda skulu metin sameiginlega.
 - um synjun eða breytingu matsáætlunar
 - um að frummatsskýrsla uppfylli ekki kröfur laganna




Kæruheimild

- Kæruheimild til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála:
 - Þeir sem hafa lögvarða hagsmuni að gæta
 - Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök
- Kæruheimild til ráðherra:
 - Þeir sem hafa lögvarða hagsmuni að gæta
 - Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök
 - Framkvæmdaraðili vegna ákvarðana er varðar matsáætlun og frummatsskýrslu
- Kærufrestur er 1 mánuður frá birtingu ákvörðunar



Mats- og leyfisferli



Vegna framkvæmda á 2. viðauka bætast við 4 vikur framan við ferlið vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu, auk 4 vikna kærufrests og 8 vikna kærumeðferðar umhverfisráðherra.